

**Drög að**  
**Samkomulag Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins um**  
**endurskoðun kjarasamninga í janúar 2013**

1. Gildistími kjarasamninga milli aðila sem undirritaðir voru 5. maí 2011 stýttist til 30. nóvember 2013.
2. Iðgjöld atvinnurekenda í mennta- og fræðslusjóði hækka í áföngum um 0,1% og skal þeirri aðgerð lokið eigi síðar en 1. janúar 2015. Samningsaðilar munu í tengslum við næstu kjarasamninga útfæra nánar ráðstöfun þessarar hækkunar vegna aukinna verkefna í tengslum við átakið um að innan við 10% vinnumarkaðarins verði án viðurkenndrar framhaldsmenntunar. Ákvæði þetta á við um mennta- og fræðslusjóði aðila að kjarasamningunum 5. maí 2011 auk annarra aðila sem beint tengjast viðkomandi sjóðum með kjarasamningum. Ákvæðið á ennfremur aðeins við þar sem samið hefur verið um hlutfallsgreiðslu af launum til sjóðanna.

Reykjavík 21. janúar 2013

F.h. samninganefndar ASÍ

F.h. Samtaka atvinnulífsins